

74 virði, að vextirnir af láninu eigi nemi meiru en $4\frac{1}{2}\%$, og að lánið endurborgist 30. júlí. með jöfnum afborgunum á 12 árum frá lántöku að telja.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

75 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um presta-**
30. júlí. **kallslán (Staðarhrauns).** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi dagsettu 19. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, vil eg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Staðarhrauni, síra Stefán Jónsson, taki 350 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að leggja járnþak á bæði íbúðarhús prestssetursins og járnklæða þau á hlið og göflum, að undan-gengnum þeim breytingum á öðru húsinu, sem getur um í brjefi yðar. Enn-fremur er lántökuleysi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið afborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum frá lántökudegi að telja, að vextir af því eigi nemi meiru en $4\frac{1}{2}\%$, og að presturinn skuldbindi sig til að halda húsunum í þeirri eldsvoðaabyrgð, er prófastur telur hæfilega.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

76 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um makaskipti á**
29. ág. **kirkjujörð (Stóranúpsprestakalls) og bændaeign.** — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 12. þ. m., tjáð mér, að hans hátign konunginum hafi 9. s. m. allramildilegast þóknast, að veita allra hæst samþykki til þess að makaskipta megí jörðinni Syðrahólakoti í Hrunamannahreppi, sem heyrir undir Stóranúpsprestakall í Árnesprófastsdæmi, fyrir bændajörðina Minnanúp í Gnúp-verjabreppi, þannig, að hin fyrnefnda jörð framvegis verði skoðuð sem bændajörð að því er skatta og skyldur snertir, og hin síðarnefnda sem kirkjujörð.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

77 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um presta-**
3. septbr. **kallslán (Hests).** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í brjefi dagsettu 30. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn í Hestþingum, síra Arnór Þorláksson, taki 3000 kr. embættislán upp á prestakallið, til þess að byggja á prests-setrinu Hesti íveruhús úr steinsteypu $15\frac{1}{2} \times 12\frac{1}{2}$ álnir að ummáli, og að öðrn leyti með því fyrirkomulagi, sem nákvæmar er tiltekið í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgja. Húsið skal verða eign prestakallsins og skal koma í stað þessara bæjarhúsa: baðstofu, bæjardyra, búrs og eldhúss. Ber prestinum að halda við húsinu, og skila því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu á-

lagi. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyrri en áreiðanlega 77 er sannað með lögmatrí skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og fullnægi hinum 3. sept. settu skilyrðum. Jafnframt þeirri skoðunargjörð skal húsið virt, og skal því jafnan haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir upphæð þeirri, er það er virt á. Verði farið að nota húsið til íbúðar áður en það er fullgjört, verður að váttryggja það þá þegar. Húsið skal að minnsta kosti gjört byggjanlegt sama árið og lánið er tekið, og fullgjört eigi síðar en 30. júní árið eftir. Að öðru leyti er lántöku-leyfi þetta því skilyrði bundið, að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6^o/_o.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Breyting

á reglugjörð fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík, dagsettri 22. júní 1874.

Í staðinn fyrir:

6 pd. af saltfiski eða blautfiski
komi: 6 pd. af saltfiski eða 9 pund af blautfiski.

Reykjavík, 28. ágúst 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

78

28. ágúst

Auglýsing

um breytingu á yfirsetukvennaumdæmum í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu, er hjermeð 10. yfir- 25. júlí setukvennaumdæmi Norðurmúlasýslu (Vopnafjarðarhreppur) breytt þannig, að hjereptir verður 10. yfirsetukvennaumdæmið: Selárdalur með Strönd og Vesturárdalur með Norður Skálanesi, en 11. umdæmið verður: Hofsárdalur og hinn hluti Vopnafjarðarhrepps, og 12. umdæmið verður Skeggjastadahreppur.

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 25. júlí 1901.

Páll Briem.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs« fyrir árið 1900.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1899:

a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýrleik,
virt á kr. 800 00

Flyt: kr. 800 00